

✉ Re: Deiliskipulag Selskógar, gögn

Búið til	9.9.2020 15:51:59
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	9.9.2020 15:51:58
Tilheyrir	📁 202008-0025 - Deiliskipulag í Selskógi á Fljótsdalshéraði

Efni

Re: Deiliskipulag Selskógar, gögn

Upplýsingar

Sent	9.9.2020 15:51:58	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	sigurdur.jonsson@fljotsdalsherad.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202008-0025 (SH, TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Fljótsdalshéraði, dags. 25. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu að deiliskipulagi í Selskógi á Fljótsdalshéraði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda vinnslutillögu að deiliskipulagi, greinargerð og uppdrátt. Stofnunin tekur undir að gera þurfi deiliskipulag fyrir svæðið enda um að ræða nærsvæði við þéttbýli og eðlilegt að nota svæðið til útivistar og afþreyingar. Í greinargerð með skipulaginu koma fram ýmis markmið og tekur Náttúrufræðistofnun undu þau en þar má nefna:

„Helstu áherslur íbúa sneru að hlutverki skógarins; að hann verði fyrst og fremst til útivistar og fjölskyldusamveru.“

„Deiliskipulag þetta gerir ráð fyrir að áfram verði stefnt að friðun svæðisins sem fólkvangs auk þess sem áhersla er lögð á að skipulagið rýri ekki gildi þeirrar heildar sem hann myndar m.t.t. plöntuverndar.“

„Lagt verður upp með að allar framkvæmdir valdi sem minnstu raski á landslagi og náttúru, tímabundið sem og til frambúðar.“

Í deiliskipulaginu kemur eftirfarandi fram bls. 10-11: „Tillaga var gerð að friðlýsingu þess svæðis (24,7 km 2 að stærð) sem mikilvægs plöntusvæðis í náttúruverndaráætlun 2009-2013. Um er að ræða birkiskóg sem er mikilvægt búsvæði margra sjaldgæfra plöntutegunda, einkum fléttna. Fyrirhugað skipulagssvæði í Selskógi er um 55 hektarar að stærð og ekki nema 2% af heildarstærð Egilsstaðaskógar

Megininntak deiliskipulagsins er að tryggja almenningi öruggt aðgengi að náttúrulegu útivistarsvæði sem styður andlega endurheimt og vellíðan. Selskógi er auk þess ætlað að mynda sterka umgjörð til að efla samfélagslegar tengingar í gegnum samveru og útivist. Lagt verður upp með að skipulagið samræmist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna varðandi sjálffærar borgir og samfélög.“ Náttúrufræðistofnun tekur undir það sem hér kemur fram en telur orðalag eins og að 55 ha séu ekki „nema“ 2% af heildarstærð

Egilsstaðarskógur ekki heppilegt. Í fyrsta lagi er erfitt að spá um framtíðarnýtingu eða vernd á skóginum í heild og jafnframt hvaða áhrif það hefur sem framkvæmt verður á þessum „litla“ hluta skógarins t.d. hvað varðar ræktun.

Ef horft er á uppdrátt af svæðinu sést að því er skipt upp í verndarsvæði, óbreytt svæði og svæði til ræktar. Verndarsvæðið virðist vera minnst af þessum svæðum þ.e. „Meðfram Eyvindará er gert ráð fyrir 50 – 100 m breiðu verndarsvæði þar sem ekki er leyfilegt að planta nýjum plöntum eða tegundum svo tryggja megi náttúrulega framvindu núverandi gróðurs.“ Ef svæðið verður gert að fólkvangi þá ætti eðli málsins samkvæmt allt svæðið að vera verndarsvæði þ.e. í þeim skilningi að innan þess er svo ýmislegt leyfilegt sem m.a. snýr að útivist, afþreyingu o.s.frv. Það skýtur svolítið skökku við, að meginmarkmiðið í deiliskipulaginu er að valda sem minnstu raski á landslagi og náttúru, tímabundið og til frambúðar og jafnframt segir í greinargerð „ Ekki er leyfilegt að planta í skógin plöntum sem teljast til ágengra tegunda eða eru líklegar til að taka yfir núverandi vistkerfi.“, að þá skuli vera lagt til að heimila ræktun á mjög stóru svæði. Það svæði umlykur bæði óbreytt svæði og er þétt upp að verndarsvæði. Þetta gerir það að verkum að dreifing framandi tegunda, ef það verður leyfilegt, er mun líklegri inn í náttúrulega birkiskóga en ella. Ekki er alveg ljóst hver er munurinn á verndarsvæði og óbreyttu svæði.

Í greinargerð með skipulaginu segir: „Fyrst má nefna gróðuræktarsvæði þar sem lögð er sérstök áhersla á gróðursetningu nýrra plantna með áherslu á skjól og rýmismyndun á dvalarsvæðum ásamt aukinni tegundarfjölbreytni. Svæðið nær yfir alla skilgreinda áningarstaði í Selskógi og meðfram aðalstígg ásamt hluta útivistarstígg. Sérstaklega skal horfa til gróðursetningar blæspar þar sem hún er einkennandi fyrir Egilsstaðaskóg sem Selskógur er hluti af. Grisjun er leyfð ef þörf er á með tilliti til uppbyggingar og heilbrigði skógarins í huga. Leggja skal áherslu á tegundir sem auka upplifunar- og útivistargildi skógarins og laða að fjölbreytt fuglalíf. Tegundir með ólíka ásýnd, áferð og lykt. Einnig skal skoða möguleika á plöntun fjölbreyttra berjaplantna og -runna auk þess að skapa aðstæður sem stuðla að náttúrulegum sveppagróðri.“ Þessi kafli er mjög opinn, þó vissulega sé blæðsp nefnd sérstaklega, og ekki í samræmi við önnur megin markmið þegar litið er til meginmarkmiða um framandi ágengar tegundir og vernd skógarins til framtíðar. Það er alltaf mikil óvissa um hvaða tegundir verða ágengar. Plöntun framandi tegunda er almennt ekki í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna um vernd náttúrulegrar líffræðilegrar fjölbreytni. Hvers vegna það þarf að planta framandi tegundum á svæðinu er mjög óljóst þó áhugi einhverra geti verið fyrir því enda Fljótshérað þekkt skógræktarsvæði og í því ljósi kannski enn frekar ástæða til að halda í náttúrulega skóga þar sem það er hægt.

Fléttur hafa verið kannaðar í Egilsstaðaskógi en sjaldgæfustu tegundirnar hafa ekki fundist í Selskógi. Þetta ber þó að skoða í ljósi þess að ekki er um að ræða langvarandi og viðamiklar kannanir.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að nýta staðbundna stofna tegunda við nýgróðursetningar og að raska sem minnst náttúrulegum skógum á svæðinu þannig að þeir haldi m.a. áfram að gegna hlutverki sem undirlag ásætna (fléttu og mosa) þó svo að „snyrtimennska“ eða grisjun sé viðhöfð við stíga og útivistarsvæði.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að stofnunin tekur undir þau sjónarmið að gera svæðið að útivistarsvæði í viðum skilningi og fólkvangi fyrir almenning.

Virðingarfyllt.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Sigurður Jónsson - Efla" <sigurdur.jonsson@fljotsdalsherad.is>
To: "minjastofnun@minjastofnun.is" <minjastofnun@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>;
"Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "na@na.is" <na@na.is>;
"skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "leifur@haust.is" <leifur@haust.is>; "fiskistofa"

<fiskistofa@fiskistofa.is>; "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>

CC:

Subject: Deiliskipulag Selskógar, gögn

Date: 25.8.2020 14:24:35

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er vinnslutillaga fyrir nýtt deiliskipulag í Selskógi á Fljótsdalshéraði til umsagnar.

Óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 10. september nk.

Kv, Sigurður

Sigurður Jónsson

Skipulags- og byggingafulltrúi

Fljótsdalshéraði.

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)